

Arctic Sea Farm hf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

15. október 2025
UOS2501682/M.S.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 25. ágúst 2025 – Arctic Sea farm ehf., Ísafjarðardjúpi ID 214

Þann 26. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Arctic Sea Farm hf., Ísafjarðardjúpi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

Ein ábending: Rekstraraðili var minntur á að í gr. 3.2 um hvíldartíma í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Umhverfisstofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði, að mati Umhverfis- og orkustofnunar.

Sex frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara og er það frávik.
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Ófullnægjandi upplýsingar í ársyfirliti, framleiðslumagn ekki skráð.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað inn 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
4. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
5. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Ófullnægjandi skráningar voru í grænu bókhaldi, er það frávik.

6. Samkvæmt reglugerð nr. 990, viðauki I, 7 b. Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí. Útstreymisbókhaldið fyrir árið 2024 barst ekki fyrr en 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. nóvember 2025.

Virðingarfyllst,

María Svavarsdóttir

Teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

Teymi eftirlits